

Bókun:

Áheyrnarfulltrúi Æ-lista vill bóka að byggingarleyfi ætti ekki að veita fyrir flötum kvistum við Austurbrú þar sem það sé óþarflega mikið á skjön við eldri hús á reitnum. Þess í stað ættu kvistirnir að verði í samræmi við það sem kynnt var á íbúafundi 28. janúar 2016 en þar voru húsin sýnd með mænis kvistum (kvistum með spíss).

Greinargerð:

Frá því að hafist var handa við að deiliskipuleggja Drottningarbrautarreit hefur verið ljóst að hann er viðkvæmt svæði og skiptar skoðanir hafa verið um uppbyggingu reitsins meðfram Drottningarbraut (gata sem mun heita Austurbrú). Er það ekki síst vegna nábylis við gömul, glæsileg og falleg hús sem standa við Hafnastræti sunnan Þingvallastrætis. Bautahúsið og húsin þar fyrir sunnan. Ný hús munu skyggja á þessi fallegu hús frá austri og hafa sumir bæjarbúar óttast að ný hús eyðileggðu heildarásýnd svæðisins og gerðu ásýnd bæjarins frá austri, handan Pollsins, verri. Í þessu ljósi hlýtur það að vera skilyrði að ný hús beri virðingu fyrir núverandi húsum og taki mið af þeim en skemmi ekki heildaryfirbragðið meira en orðið er með svokölluðu Fuji-húsi.

Á gömlu húsunum á Drottningarbrautarreit eru kvistir með mæni (spíss) ríkjandi form. Reyndar er það ríkjandi form á eldri húsum í bænum almennt þó flatir oft mjög litlir kvistir þekkist (líklega oft kvistir sem bætt hefur verið við hús eftirá). Í fyrstu var gert ráð fyrir kvistum með flötu þaki á nýjum húsum við Austurbrú. Á íbúafundi 28. janúar 2016, þegar hönnuðir stóðu fyrir frama íbúa hverfisins og kynntu útlit húsanna hafði sú ánægjulega breyting átt sér stað að kvistunum hafði verið breytt í kvisti með mæni sem voru í mun meiri samhljómi við eldri hús en fyrri útfærsla.

Það vekur því furðu að framkvæmdaaðili hússins sækir síðan um byggingarleyfi fyrir húsum með flötum kvistum, öðru útliti en hann sýnd íbúunum á fundi með þeim.

Það væru mikil mistök að leyfa hús á Drottningarbrautarreit sem væru óþarflega mikið á skjön við eldri 100 ára byggð hvað þetta varðar. Það væri virðingarleysi við núverandi hús sem skipta Akureyri svo miklu máli í heildarbrag miðbæjarins. Slíkt myndi rýra gildi og fegurð miðbæjarins til framtíðar í stað þess að styrkja hana. Áhyggjur bæjarbúa yrðu að veruleika. Það væri skipulagsslys sem svo auðvelt er að koma í veg fyrir.

Jón Þorvaldur Heiðarsson